

Nýr bókaflokkur hjá M & M

Mál og menning er nú að hefja útgáfu á nýjum bókaflokki og er hann sá þriðji í röðinni. Félagsmenn fá bækur þessar með sömu kjörum og áður.

Í bókaflokki þessum eru 7 bækur eftir erlenda og innlenda höfundum og eru þær mjög fjölbreyttar að efni.

Kristinn Andrésson, formaður Máls og menningar ræddi við blaðamenn í gær og kynnti hinar nýju bækur.

Þá vönduðustu að öllum frágangi, að hinum ólöstuðum, er óhætt að telja „Íslenska teiknihók í Árnasafni“ eftir Björn Th. Björnsson, listfræðing. Björn kynnir í þessari bók myndlist fyrri alda, en hann telur hana vera elztu menningargrein Íslendinga. Ljósmyndastofa Konunglegu bókhöðunnar í Kaupmannahöfn gerði allar ljósmyndir í bókina en Ásgerður Ester Búadóttir gerði teikningar í texta og á band bókarinnar af mikilli smekkvísi.

Þar næst má nefna bókina „Á hæsta tind jarðar“ eftir John Hunt, stjórnaða Everestleiðangursins, sem tókst að sigra hæsta tind jarðar 1953. Sigurður Þórarinnsson ritar inngangsorð en þýðendur hennar voru Magnús Kjartansson, Óli Hermannsson og Ásgeir Bl. Magnússon.

Þriðja bókina eftir erlenda höfund er „Barrabas“ eftir sænska Nobelsverðlaunahöfundinn Pär Lagerkvist. Frú Ólöf Nordal og Jónas Kristjánsson, magister, íslenskuðu bókina.

Af bókum eftir innlenda höfundum má nefna „Dagur mannsins“ eftir Thor Vilhjálmsson.

Þá er bókina „Fólk“ eftir Jónas Árnason, sögur og frásögubættir.

Einnig er þar bók eftir Gunnar Benediktsson, sem er sögulegs eðlis og nefnist „Ísland hefir jarl“, Örlagaþættir Sturlungaaldar.

Að lokum má nefna bók eftir Einar Olgeirsson er nefnist „Ettarsamfélag og ríkisvald í Þjóðveldi Íslendinga!“

- Efri deild persneska þingsins hefir nú staðfest oliusamningana og hefir þingið þar með afgreitt frumvarpið sem lög og biðja þau nú undirskriftar keisarans. Lögin fjalla um dreifingu persneskrar olíu á heimsmarkaði í samvinnu við ýms olíufélög.

Thorvaldsensfélagið gefur út barnabók.

Barnauppeldissjóður Thorvaldsensfélagsins hefir ráðist í að gefa út litla en smekklega barnabók er nefnist „Karius og Baktus“ og er eftir Thorbjörn Egner.

Sveinbjörn Jónsson þýddi ljóðin og söguna, en bókina fjallar um æfintýri tveggja tann-dvergna, sem áttu heima í tannholu drengnokka nokkurs.

Bókin er prýdd mörgum skrautlegum myndum, sem höfundur bókarinnar hefir gert.

Barnauppeldissjóður Thorvaldsensfélagsins hefir nú einnig gefið út, eins og undanfarin ár, skrautleg jólamerki, sem Sefán Jónsson hefir teiknað af mikilli smekkvísi.

Allur ágóði af sölu bókarinnar og merkjanna rennur til Barnauppeldissjóðsins.

Tvær nýjar telpubækur.

Komin er á markaðinn barnabók eftir Margrétu Jónsdóttur er nefnist „Todda kveður Ísland“.

Todda er lítil dönsk stúlka, sem dvelst hjá ömmu sinni á Íslandi öll stríðsárin. Bókin segir frá ýmsu, er á daga hennar drifur síðasta sumarið, sem hún dvelst hjá henni og m. a. frá ferðalagi hennar um Reykjavík og Þingvelli.

Margrét Jónsdóttir er fyrir löngu orðin þekkt fyrir barnabækur sínar og sögur og mun þessi nýja bók hennar verða mörgum kærkomin.

Þórdís Tryggvadóttir hefir gert káputeikninguna en Bókabúð Æskunnar sá um útgáfu bókarinnar.

„Dóra í dag“ heitir nýjasta Dóru-bókin eftir Ragnheiði Jónsdóttur. Óþarft er að kynna þessar bækur íslenskum lesendum því Dóra hefir lengi verið eftirlæti íslenskra telpna. Í þessari bók býður Indverji Dóru í tveggja ára ferðalag um víða veröld, en amma hennar er veik og Munda, systir Kára þarfnast hennar, svo Dóra er á báðum áttum, en hún leysir greiðlega úr vandanum. — Hvernig? — Bókin svarar því.

Miðnæturskemmtun Íslenskra tóna.

Miðnæturskemmtun Íslenskra tóna í Austurbæjarbíói í gærkvöldi tókst hið bezta. Þar komu fram gamalkunnir og nýir skemmtikraftar.

Hinir gömlu og vinsælu dægurlagasöngvarar, er barna skemmtu, voru Ingibjörg Þorbergs, Soffía Karlsdóttir, Alfred Clausen og Sigurður Ólafsson, Sigurveig Hjaltsted, Svavar Lárusson og kvartettinn ettinn Marz-bræður. Ingibjörg söng og með Marz-bræðrum og Sigurður og Soffía sungu saman. Sungu þau öll við mikla hrifni og góðar undirtektir. Helzt til mikill deyfðarbragur var á skemmtuninni í byrjun, en er Sigurður Ólafsson kom fram færðist fjór í alla, og leiktilþrif hans og Soffíu samfara ágætri dægurlagaleikni, hafði þau áhrif, að menn skemmtu sér konunglega. Svavari hefir stórfarið fram. — Um hina nýju skemmtikrafta, Valgerði Sigurðardóttur, sem aðeins er 16 ára og Jóhann Georg Möller, má óhikað segja, að ágætur efniviður er í þeim báðum, og var þeim vel fagnað. Framkoma beggja var ágæt. Bæði hafa þrötnikla rödd. Jóhann mun þó ekki hafa getað beitt rödd sinni til fulls, vegna kvefs. — Danslist Guðnýjar Pétursdóttur vakti mikla hrifni, enda leysti hún sitt hlutverk frábærlega vel af hendi.

Kynnir var Sigtús Halldórsson.

Tilkynning um atvinnuleysissskráningu

Atvinnuleysissskráning samkvæmt ákvörðun laga nr. 57 frá 7. maí 1928, fer fram á Ráðningarskrifstofu Reykjavíkur, Hafnarstræti 20, dagana 1., 2. og 3. nóvember þ. á. og eiga hlutaðeigendur, er óska að skrá sig samkvæmt lögunum, að gefa sig fram kl. 10—12 f.h. og kl. 1—5 e.h. hina tilteknu daga. Óskað er eftir, að þeir sem skrá sig séu viðbúnaðir að svara meðal annars spurningum:

1. Um atvinnudaga og tekjur síðustu þrjá mánuði.
2. Um eignir og skuldir.

Reykjavík 30. okt. 1954.

Borgarstjórnin í Reykjavík

son, og innti það hlutverk ágætlega af hendi sem vænta mátti. Hann söng einnig með Sigurveigu. — Hljómsveit Jan Moraveks lék undir. Skemmtunin verður endurtekin annaðkvöld.

— I.

Andrina og Kjell.

Nýja Bíó sýnir um þessar mundir athyglisverða norska mynd er nefndist Andrina og Kjell og er hún sýnd hér á vegum frú Guðrúnar Brumborg, til ágóða fyrir íslenska Stúdentagardinn í Ósló.

Saga þessi lýsir á átakanlegan hátt baráttu ungs fólks fyrir að ná fótfestu í lífinu og erfiðleikum þess að vinna bug á því illa og öðlast lífshamingju.

Andrina og Kjell eru bekkjar-systkinin, hann efnaður, en svallsamur og svíkt undan skyldunni en hún fátæk og umkomulaus, en gáfuð og kemur sér vel. Hún trúir á Kjell en jafnvel traust hennar nær ekki til þess að hjarga honum frá glötun.

Mynd þessi er tekin eftir samnefndri sögu Gískens Wildeveys en Kare Bergström hefir annast sviðsetningu myndarinnar af mikilli smekkvísi. Aðalhlutverk in leika þau Inger-Marie Andersen og Torlav Maurstad. Baksýn myndarinnar mótast af hinu hrjúfa en hrifandi náttúrufegurð Norður-Noregs.

Sem aukamynd var sýnd bráðskemmtileg og hugljúft barnaævintýri, sem nefnist Friðrik Friðlungur.



Seiskabsfólk

Til sölu vandað segulband, með 3 tveggja kl. spólum. Verð ca. 4500,00 kr. — Tilboð sendist Vísi fyrir n.k. þriðjudagskvöld merkt: „Tækifæri — 343“.



Salirnir opnir

í kvöld og annað

kvöld frá kl. 6.

Athygli gesta, sem ætla

að borða, skal vakin á því,

að panta borð í tíma. —

Sími 82636, frá kl. 4.



M.s. Dronning Alexandrine

fer frá Kaupmannahöfn 9. nóvember áleiðis til Færeyja og Reykjavíkur. Flutningur óskast tilkynntur sem fyrst til skrifstofu Sameinaða í Kaupmannahöfn.

Frá Reykjavík fer skipið 16. nóv. um Grænland til Kaupmannahafnar.

Skipaafgreiðsla
Jes Zimsen
Erlendur Pétursson.

E. R. Burroughs:

— TARZAN —

1681



Nú gerði Tarzan sér fyllilega ljóst hvernig Lazar hafði bruggað honum launráð, og á leiðinni til fangelsisins greip hann til vopna starna.

Þegar að fangelsinu kom, kom hann auga á Lazar þar sem hann var að setja Holt undir lás.

„Þú!“ hrópaði Lazar. En áður en

hann gat gripið til byssunnar hafði Tarzan stokkið á hann.

Járnsterkir armar lukust um svírann á Lazar. „Þú gleymir al-

veg að standa við samningana“, kvæsti Tarzan í bræði sinni. „Gefðu Holt lausan þegar í stað, — eða ekkert biður þín nema dauðinn“.